

Ýmis verkefni með tengingu við heimsmarkmiðin:



Aðalskipulag, húsnæðisstefna – umhverfis-og auðlindastefna – loftslagsstefna – stefna um líffræðilegan fjölbreytileika innviðir og orkuskipti – grænar fjárfestingar – kynjuð fjárhagsáætlun – C40 – Festa samfélagsábyrgð



Ólöf Örvarsdóttir
Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs



Reykjavík 2030

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, samþykkt 2014.




Stefna um þróun og yfirbragð byggðar

Borgin við Sundin felur í sér stefnumörkun sem leggur áherslu á vöxt borgarinnar til vesturs, á þétta, fjölbreytta og blandaða byggð á Nesinu og við Sundin



Stefna í atvinnumálum og um skipulag atvinnusvæða

Skapandi borg felur í sér stefnumörkun um eflingu og sérhæfingu atvinnusvæða og skilyrði sem styðja við kraftmikla atvinnuuppbyggingu og nýsköpun í Reykjavík á komandi áratugum



Stefna um vistvænar samgöngur, opin svæði og umhverfismál

Græna borgin felur í sér stefnumörkun sem leggur áherslu á hagkvæma nýtingu lands og auðlinda, bætt umhverfisgæði og lýðheilsu, vistvænar samgöngur og verndun náttúru



Stefna um lífsgæði og gæði í manngerðu umhverfi


Borg fyrir fólk felur í sér stefnumörkun er varðar lífsgæði borgarbúa og gæði í hinu manngerðu umhverfi borgarinnar og markmið sem setja manneskjuna í öndvegi og forgangsraða í hennar þágu

Af hverju að þetta byggð í Reykjavík?

Frá sjónarhóli umhverfisverndar og hagkvæmni


Lágur þéttleiki

íbúar/ha



Óvistvænar samgöngur

hlutur grænna ferðamála (%)



- Draga úr vegalengdum, samgöngukostnaði og mengun – styrkja vistvænni ferðamáta eins og almenningssamgöngur, hjólandi og gangandi
- Endurnýta úr sér gengin svæði og fegra í leiðinni borgarumhverfið
- Spara land í útjaðri og stuðla að verndun náttúrulegra svæða
- Skapa hagkvæmari borg, með betri nýtingu fjárfestinga, skólum, opnum svæðum, götum og veitum – styrkja bakland þjónustu og verslunar innan hverfanna
- Skapa lifandi borg með heildstæðum götumyndum, lífvænlegri og skjólbetri hverfum og betri almenningsskýmum
- Skapa fallegri borga (auka aðdráttarafl hennar)



SAMNINGSMARKMIÐ REYKJAVÍKURBORGAR

Vandað borgarskipulag

Fjölbreytileiki í stærð og gerð íbúða
Gott umhverfi
Varðveisla staðaranda

Góð nýting á landi og innviðum borgarinnar

Stofnkostnaður innviða borinn af uppbyggingunni
1% af stofnkostnaði í listsköpun

Innleiða húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar

Stuðla að uppbyggingu leigumarkaðar

25% húsnæðis verði hagkvæmt (affordable)
Félagsbústaðir hafi kauprétt á 5% íbúða

Húsnæði fyrir alla

Leitast verði við að tryggja fjölbreytt framboð húsagerða og búsetukosta fyrir alla félagshópa
Stefna um framboð húsagerða og búsetukosta taki mið af þróun samfélagsins og húsnæðismarkaðarins á hverjum tíma, s.s. varðandi fjölskyldustærðir, aldursbreytingar, stöðu á byggingarmarkaði og efnahagsþróun

25%

Íbúða verði miðaðar við þarfir þeirra sem ekki vilja eða geta lagt mikið fé í eigið húsnæði. Uppbygging slíks húsnæðis verði einkum á miðlægum svæðum þar sem auðvelt er þjóna með góðum almenningssamgöngum.

Sjálfbærari hverfi - Hverfisskipulag



SVIÐMÉRKA HÉR VANTAR GANGSRANT OG KANNAKULSTAVERK Í ALMENNINGS- KÝMUM?

FLIRI ÍBÚRIRI FLIRI LEIKSVÁÐI FLIRI BÍLASTÆÐI?

HÉR ER GOTT AÐ BÚA, GÓÐK GRANNAR, OG ÍSBÚÐ, HVÍÐ HAFI MAÐUR, MEIRI AÐ?

HÉR ERU UPPI ÁFORM UM AÐ ERU HVERFISMÓÐURNA MED BRUGNAI MENNINGARSTAFISM OG FALLEÐU UMVEGUM, ENAI SEM VERST, HAF?

UPPI HÉR ERUM Á GANSTETTAR- VINGRNUM

SELÁSINN ER DÁSAMLEGUR, SERSTARLEGA Í FORSELUNNI.

YETTA ER FLOTT JÓÐ FYRIR TÁLÐIÐURUM, HAF?

HAF ER MIKILVEGT AÐ HÉR SEU FJÓÐREYTTAR ÍBÚR, EIGIÐ HUGNAÐIÐ LEIGNUMUM EÐI FÉLAGSÚSTANIR, TIL DRÆMIS.

Æ HVÍÐ AÐ GETU Í RVÍÐ?

ÁFRAMFYLKIRI

DRUMURINN VÆRI AUFVÍÐAS LITIR VINDVIGST KNATTUS.

VÆRI ENKI MÁL, AÐ GEFNA HESSA GÖTU AÐ VIITGÖTU?

ÉR GALTÍGG ATAD GRÆNTIFRYR ALLT VÆRFÍÐ?

VÆRI ENKI MÁL, AÐ KOMA HÉR, UPP BRUGNAI HVERFISMÓÐURNA MED MENNINGARSTAFISM OG KAFFHUSI?

ÞU BARRA RIFAÐIÐ?

HLAUPALEIÐIKNAK, UM ÁRBEIÐINERU DÁSAMLEGAR.

Í HVERFNUM FORKAR ER, MEISTUM ALLT TIL, SKÓLAK, FRÍSTUNDA- MISTÖÐ OG SUNNLAUG, HAF VANTAR BARRA ALMENNILEGAN KLÓ, AÐRETTAKAMMI?

ALVEÐ SAMMALA

SANDBARHEIÐIÐ ÓNAISTI OG RANNDI EITT BLÓMNAK.

OH, HUNDSKÉTUR, UT UM ALLT...

JÁ, SVIÐENGI SEM LAUJANGA HUNDA ER BÖNNUÐ.

JÁ HÓMANNAR, GETUR NÁTT URAN OG FUGLALÍFIÐ FENGID AÐ VERA Í FRÍÐI.

MÉR FINNST SÁRLEGA VANTAK TIVOLIGARD

HÉR ERU ENGI DRÖMSSALERIR OG VAK ALVEÐ Í SKENIÐ?

ÉG LALT MIG DRÆYMA UM SAMVÖRLEGA MÖLTUGERD Í HVERFINI

NESSI REIÐSTI MYNDAR, NUNU Í EINA Í GÖTU

MIG LANGAR BRUKLEGA Á DANINGANSEIÐ.

HVÍÐ MED ÍKÓLA- HREYSTIBRAUT?

OF HÉR VÆRI SUORPA MYNDI EG HELÐUR BETUR BÚÐA HÉR UPP Á ÍS MED BYFLU, VINKONA

TIL Í HAFNÍLSA BRÓTTANUS.

SVIÐMÉRKA OF HÉR VÆRI ENKI KJÓRIÐ AÐ STUNDA BORGASÚSKAF OG MÖLTUGERD?

EN SÚ MEIRI HÁTTAR NÁTTURUPERLAI NOKKAR RUSLATUNNUR, TIL VIÐBOTAR OG EG MYNDI KALLA HETTA PARADÍS.

MIKIÐ VÆRI NÚ HUGGULEGT AÐ ALJA EÐ HÉR VÆRI LITID KAFFHUSI!

DÁSAMLEGT AÐ SAPPAN Í GÖNGURAI NÁTTURU

JÁ HÉR ALTIÐ AÐ HVALDI TRUÐAGÖRUNNA

SUMUR FINNST HETTA SVIÐ

Hvernig gengur að framfylgja markmiðum?

Stöðumat og mælikvarðar

Framfylgd AR2010-2030. Mælikvarðar 2017	
Fjöldi íbúa	+
Fjöldi íbúða (fullgerðar, hafin smíði á)	+
Hlutfall nýbygginga íbúða á þéttingarreitum	+
Fjöldi íbúa á ha innan vaxtarmarka Reykjavíkur	+/-
Umferð á íbúa	-/+
Ferðavenjur (modal split) – mæling 2014	+
Fjöldi íbúa innan 400 m/200 m frá biðstöð strætisvagna (geisli)	+
Lengd hjólreiðastíga	+
Fjöldi íbúa innan við 400 m frá útivistarsvæði	+
Losun gróðurhúsalofttegunda í þúsundum CO ₂ ígilda	-/+
Fjöldi íbúa innan við 400 m frá matvöruverslun (geisli)	+
Hlutfall íbúða á vegum húsnæðisfélaga –íbúðir á viðráðanlegu verði	+
Fjöldi íbúa innan Hringbrautar (þróun miðborgar-ferðamannaborgin vs. hverfisborgin)	-
+ þróun í samræmi við markmið +/- þróun í samræmi við markmið en hægar en gert var ráð fyrir -/+ herða þarf á framfylgd viðkomandi markmiðs - þróun ekki í samræmi við markmið	

Náttúra, landslag og útivist (stefnur og verkefni)

Græna netið - grænar tengir við græn svæði.

Borgarskógrækt

vaxtarmörk byggðar

lífbreytileiki

endurheimt votlendis, vatnsverndarstefna

Borgarbúskapur/matarstefna/spornað við sóun



Fyrsta stefna Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni var samþykkt 2016. Aðgerðaáætlun til 10 ára fylgir stefnunni.

- Helstu viðfangsefni stefnunnar:
 - Vöktun og rannsóknir á lífríki borgarinnar.
 - Verndun helstu búsvæða og tegunda.
 - Unnið gegn ógnum t.d. mengun og ágengum tegundum.
 - Aukið vægi líffræðilegrar fjölbreytni í skipulagi og hönnun borgarumhverfis.
 - Fræðsla og miðlun um náttúru borgarinnar fyrir skóla og almenning.
 - Vitundarvakning um mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni fyrir velferð okkar á jörðinni.

LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ

Stefna Reykjavíkurborgar



REYKJAVÍK KOLEFNISHLUTLAUS 2040

AÐGERÐIR

SAMGÖNGUR

LANDNOTKUN

VITUNDARVAKNING

ÚRGANGSMÁL (endurskoðun á úrgangsstefnu)

AÐLÖGUN AÐ LOFTSLAGSBREYTINGUM

REKSTUR REYKJAVÍKURBORGAR

Markmið um kolefnishlutleysi og aðlögun að loftslagsbreytingum ásamt aðgerðaáætlun til ársins 2020



LOFTSLAGSSTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR

Stefna Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum

Markmið Reykjavíkurborgar er að verða kolefnishlutlaus fyrir árið 2040 og lagi sig að loftslagsbreytingum með vistvænum og mannvænum hætti. Aðgerðir verða endurskoðaðar árið 2020 og á 5 ára fresti eftir það í samræmi við Parísarsamkomulagið 2015. Árangur verður mældur á 2 ára fresti miðað við stöðuna árið 2015.

Samfélagslegar aðgerðir til 2020:

Samgöngur og orkunotkun:



- Hlutdeild bílaumferðar verði 58% árið 2030, almenningsgangana 12% og gangandi og hjólandi 30% í samræmi við markmið Aðalskipulags Reykjavíkur, stefnu borgarinnar um eflingu almenningsgangana og hjólréiðaaætlun.
- Bílaumferð og almenningsamgöngur verði laus við losun gróðurhúsalofttegunda árið 2040.
- Reykjavíkurborg benti sér fyrir eflingu almenningsgangana með hraðvögnum eða lítlestum, svo kallaðri Borgarlínu í samvinnu við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og samgönguyfirvöld.
- Stutt verður við orkuskipti í samgöngum og stuðlað að aukinni hlutdeild rafvæðra samgangna í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur, m.a með því að:

- Standa fyrir uppsetningu hleðslustöðva í bílastæðihúsum borgarinnar.
- Setja upp hleðslustöðvar við valdar byggingar á vegum borgarinnar fyrir gesti og starfsfólk.
- Reykjavíkurborg vinni með OR að hugmyndum um uppsetningu hleðslustöðva í hverfum.
- Setja fram ætlun um hvernig stræto og væntanleg borgarlína geti alfaríð gengið fyrir orkuskiptum sem ekki losa gróðurhúsalofttegundir.
- Regluverk Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í eigu hennar verði rýnt með það að markmiði að rykja úr vegi hindrunum fyrir rafvæðingu samgangna og auðveldu innleiðingu þeirra.

- Stefnt verði að því að draga úr ferðabörð með áherslu á rafræna þjónustu borgarinnar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og fyrirtæki. Stuðlað verði að því að fristundatilboð og þjónusta sem ekki er rafræn verði veitt sem næst notendum eða gerð aðgengileg með vistvænum fararmátum innan hvers borgarhluta í gegnum staðsetningu þjónustunnar, fyrirkomulag samgangna og með gerð hverfisSKIPULAGS fyrir öll hverfi.
- Unnin verður ætlun til að stytta vegalengdir og draga úr umferð vegna flutnings jarðefna vegna byggingarframkvæmda. Auknir sjóflutningar koma til greina. Í þessu skyni verði unnið umhverfisfært á frekara grjótnámi og jarðefnavinnslu í Geldinganesi.
- Stefnt verði að rafvæðingu Faxaflóahafna og í því skyni sóst eftir samstarfi

3

við ríki, orkuskiptum og aðrar hafnir.

- Unnin verði að snjallvæðingu bygginga og innviða borgarinnar til að stuðla að orkusparnaði og draga úr sóun auðlinda, m.a. í samvinnu við Félagsbústaði.



Landnotkun

- 90% nýrra íbúða verði innan þéttbýlismarka til að efla nærbjónustu og draga úr ferðabörð.
- Unnin verði ætlun og skilgreindir hvarar sem miða að fækkun bensinstöðva. Markmiðið verði að dæmum fyrir jarðefnaeldsneyti innan borgarmarkanna fækkni um 50% til ársins 2030 og þær verði að mestu horfnar árið 2040.
- Gerð verður fýsileika könnun fyrir vindmyllugarð innan borgarmarkanna í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur.
- Fyrir árslok 2016 verði möguleg kolefnisbinding með skógrækt og endurheimt votlendis kortlögð.
- Unnin verði skógræktaráætlun fyrir Geldinganes og Kjalarnes, meðal annars m.t.t. skjólmyndunar og framtíðarsýnar um nýtingu og skipulag svæðisins. Þar fái skólar, stofnanir og fyrirtæki borgarinnar reiti til gróðursetningar og kolefnisjöfnunar á starfsemi sinni.

Vitundarvakning



- Lykiláhersla verði lögð á áframhaldandi samstarf Reykjavíkurborgar og atvinnulífs og fyrirtækja um að minnka útblástur og draga úr myndun úrgangs. Þátttakerur í loftslagsyfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Festu verði a.m.k. 200 árið 2020 og nái til meirihluta atvinnulífs í borginni.
- Verkefni til að draga úr matarsónum verður sett af stað í tengslum við Nýtniviku 2016.
- Settur verður upp vefur til að efla almenna þekkingu á því hvernig draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda og gera heimili kolefnishlutlaus. Við gerð heildstæðrar matarstefnu verði sett fram áfangaskipt ætlun fyrir lok árs 2017 til að efla staðbundna matarmenningu, matvæla-frameslú og -ræktun.

Úrgangsmál



- Úrgangsflokkum á grændarstöðum verður fjölgað á tímabilinu í samræmi við aðgerðaáætlun í úrgangsmálum.
- Íbúar fái fræðslu um og hvatningu til að stunda heimajarðgerð.
- Lokið verður við byggingu gas- og jarðgerðarstöðva árið 2018.
- Hafin verður söfnun á lífrænum úrgangi árið 2019 þegar gas- og jarðgerðarstöðin verður risin.

4

Markmið í rekstri Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum

Aðgerðir til að aðlagast loftslagsbreytingum:

- Kortleggja skal helstu áhættuþætti, þ.m.t. flóðasvæði, setja inn í skipulag og gera ætlun um nauðsynlegar mótavægisáðgerðir.
- Innleiða skal blágrænar ofanvatnslausnir og gera ráð fyrir grænum lausnum við flóðavarnir auk tæknilegra lausna.

Mælikvarðar:

- Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda sem verða til innan Reykjavíkurborgar.
- Heildar kolefnisbinding innan borgarmarkanna.

Markmið í rekstri Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum

Markmið Reykjavíkurborgar er að rekstur hennar verði kolefnishlutlaus fyrir árið 2040. Aðgerðir verða endurskoðaðar árið 2020 og á 5 ára fresti eftir það í samræmi við Parísarsamkomulagið 2015. Árangur verður mældur árlega.

Rekstrarlegar aðgerðir til 2020:

- Grænar áherslur verði ekki val heldur skylda í öllum rekstri borgarinnar. Öll svið og starfsstaðir borgarinnar taki þátt í grænum skrefum borgarinnar eigi síðar en í árslok 2016.
- Árið 2025 mun 100% bilafloata Reykjavíkurborgar nota orkugjafa sem ekki losa gróðurhúsalofttegundir.
- Sett verður upp ferli til að stýja við kolefnishlutlaus innkaup.
- Skráning ferðaheimilda verði breytt þannig að telja þurfi fram losun frá flugi.
- Sett verður upp nýtt verkefni undir Grænum skrefum með leiðbeiningum um hvernig vinnustaðir geta orðið kolefnishlutlausir og /eða dregið úr myndun úrgangs.
- Sérstök loftslagsætlun leik- og grunnskóla verði sett fram þar sem get verði ráð fyrir virkri þátttöku barna og unglinga við aðgerðir, mælingar og eftirfylgni.
- Ferðir starfsmanna til og frá vinnu verði kannaðar með árlegri ferðavenjuflokkun í fyrsta sinn 2017.
- Fyrir 2018 standi öllum starfsmönnum Reykjavíkurborgar í fullu starfi til boða að fá greitt fyrir að ferðast á hagkvæman og vistvænan hátt til og frá vinnu með undirritun samgöngusamnings.
- Grænt bókhald yfir notkun jarðefnaeldsneytis, losun gróðurhúsalofttegunda, orkunotkun og úrgangsmagn verður sett upp og birt árlega á vefsíðu Grænna skrefa í rekstri Reykjavíkurborgar frá og með 2017.

Mælikvarðar:

- Losun gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar jarðefnaeldsneytis og vegna ákturs samkvæmt áktursdagbók.
- Losun vegna vinnuengdra flugferða starfsmanna.
- Losun gróðurhúsalofttegunda vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu.
- Magn úrgangs frá starfsemi Reykjavíkurborgar.
- Kolefnisbinding vegna trjáræktar í borgarlöndum.

5



Græn skuldabréf / fjárfestingar

Verkefna flokkur	UN SDG	Verkefni
Grænar byggingar	7, 12, 13	<ul style="list-style-type: none"> BREEAM vottaðar byggingar með einkunina "Very Good" eða hærrí Bætt orkunýting eldri bygginga
Orkunýtni	7, 9, 13	<ul style="list-style-type: none"> Tækni til að lækka orkunotkun, t.d. Uppsetning LED pera í götuljós
Grænar samgöngur	7, 11, 13	<ul style="list-style-type: none"> Innviðir fyrir rafrænar samgöngur, hjól, bíla og almenningsamgöngur Innviðir fyrir hjólréiðar, s.s. hjólastígar Orkuskipti í almenningsamgöngum
Mengunarvarnir / Sorphirða	7, 9, 12	<ul style="list-style-type: none"> Búnaður fyrir bættu sorpvinnslu Græn sorphirða
Sjálfbær landnotkun	3, 6, 12, 14, 15	<ul style="list-style-type: none"> Endurheimt votlendis og skógrækt innan borgarmarka Skráning og viðhald líffræðilegrar fjölbreytni Skipulag og framkvæmt þéttingar byggðar
Aðlögunarhæfni	3, 11	<ul style="list-style-type: none"> Greining áhættu vegna hækkunar á yfirborði sjávar Blágrænar ofanvatnslausnir Greining á núverandi flóðavörnum

Vistvænar byggingar

Skýring:

BREEAM vottaðar byggingar með einkunnina “Very Good” eða hærri (a.m.k. 65% score í BREEAM)

Bætt orkunýting

Vistferilsgreining byggingarefna og byggingaraðferða

Umhverfisvæn byggingarefni

Kröfur til byggingarverktaka á framkvæmdatíma

Styður við umhverfis og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar, áætlanir í kolefnishlutleysi fyrir 2040 og aðlögun að loftslagsbreytingum.



Orkunýtni

Skýring:

Nýjungar til að draga úr orkunotkun

Ljósvistarskipulag

Endurnýjun ljósgjafa

Almenningar leiðbeiningar

Smart City lausnir

Verkefni:

Endurnýjun á lýsingu við götur, gangstéttar og gangbrautir. Endurnýjun og bætt lýsing við göngu- og hjólastíga og á opnum svæðum.

Skipt er út eldri ljósgjöfum s.s. kvikasilfurslömpum og settir upp LED ljósgjafar. Unnið er skv. hugmyndafræði “Smart City” við endurnýjun á lýsingarbúnaði

Styður við umhverfis og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar, áætlanir í kolefnishlutleysi fyrir 2040 og aðlögun að loftslagsbreytingum.



Grænar samgöngur

Skýring:

Innviðir fyrir rafvæddar samgöngur, hjól, bíla og almenningssamgöngur

Innviðir fyrir hjólreiðar, s.s. hjólastígar

Orkuskipti í samgöngum


Verkefni:

Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar :Uppbygging innviða (hjólastígar, hjólastæði o.fl.) fyrir reiðhjól sem virkan ferðamáta í borginni.

Borgarlína: Hágæða almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu um þróunarása þar sem þetta á byggð í miðkjörnum og við línuna. Vagnar Borgarlínu ganga fyrir innlendum og umhverfisvænum orkugjöfum.

Í sameiginlegum tillögum sveitarfélaganna og ríkisins frá febrúar er gert ráð fyrir að 35 km af sérrými fyrir akstur Borgarlínu á höfuðborgarsvæðinu verði tilbúnir fyrir 2030. Framkvæmdir hef

Styður við umhverfis og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar, áætlanir í kolefnishlutleysi fyrir 2040 og aðlögun að loftslagsbreytingum.



Grænar samgöngur

Verkefni:

Uppbygging hleðslustöðva fyrir rafbíla

Uppbygging hleðslustöðva á starfstöðvum fyrir bíla í rekstri borgarinnar.

Uppbygging hleðslustöðva á starfstöðvum fyrir starfsmenn – t.d. leikskólar, skólar, bókasöfn og sundlaugar. Íbúar geti nýtt þær að nóttu eða þegar þjónusta er sótt.

Uppbygging hleðslustöðva í borgarlandi og bílastæðahúsum fyrir íbúa sem ekki eiga stæði á lóð.

Endurnýjun bíla í rekstri borgarinnar

Bílar í rekstri skulu vera rafbílur eða knúnir öðrum orkugjöfum en jarðefnaeldsneyti skv. ákvörðun borgarráðs – áætlun um endurnýjun til ársins 2025

Eignasjóður á 148 bíla, þar af eru 8 rafbílur og 10 metanknúnir sorpbílar



Mengunarvarnir / sorphirða

Skýring:

Búnaður fyrir bættu sörpvinnslu

Græn sorphirða

Verkefni:

Endurnýjun sörpbíla – sörpbílar knúnir af metangasi

Sorphirða Reykjavíkurborgar hefur 10 sörpbíla í rekstri. Bílarnir hafa verið endurnýjaðir frá árinu 2014 með metangasknúnum bílum. Metangasið er unnið úr sorpi á urðunarstaðnum í Álfsnesi og verður unnið í gas- og jarðgerðarstöðinni.



Sjálfbær landnotkun

Skýring:

Skipulag og framkvæmd þéttingar byggðar

Endurheimt votlendis og skógrækt innan borgarmarka

Skráning og viðhald líffræðilegrar fjölbreytni

Verkefni:

Unnið að endurheimt votlendis í Úlfarsárdal. Hefur fjölþætt gildi, dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og náttúruverndargildi. Um 65 ha og 400 tC/ári.

Græna netið – trjárækt og tenging grænna svæða



Aðlögunarhæfni

Áætlanir verða endurskoðaðar árið 2020 og á 5 ára fresti eftir það í samræmi við Parísarsamkomulagið 2015. Árangur verður mældur á 2 ára fresti miðað við stöðuna árið 2015“

Skýring:

Greining áhættu vegna hækkunar á yfirborði sjávar
Blágrænar ofan-vatnslausnir
Greining á núverandi flóðavörnum

Verkefni:

Blágrænar ofan-vatnslausnir eru nýttar við gerð nýrra íbúðasvæða t.d. Vogabyggð og nýtt íbúðahverfi í Úlfarsárdal

Aðgerðir:

Skipt niður í þrenn konar lausnir: gráar, mildar og grænar

Styður við umhverfis og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar og aðlögun að loftslagsbreytingum.



Þjónustubáttur	Hjólástígar og aðstaða hjólandi borgara/ starfsmanna borgarinnar
Lýsing á greiningunni	Að taka saman upplýsingar um fjárfestingar vegna gerðar hjólástíga og aðstöðu hjólandi borgara/starfsmanna borgarinnar, auk viðhalds. Að rýna hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar með aðferðafræði KFS. Upplýsingar séu skoðaðar með hliðsjón af þeim kyngreindu gögnum sem til eru um hjólreiðar í Reykjavík. Að setja fram tillögur að úrbótum í hjólreiða- og samgöngumálum borgarinnar sem eru líkleg til að geta haft jafnréttisáhrif.
Markmið greiningarinnar	Að stuðla að réttlátri úthlutun gæða og fjármagns og ýta undir hjólreiðar kynjanna en þó sér í lagi kvenna þar sem að þær hjóla síður heldur en karlar skv. könnunum.
Jafnréttismarkmið greiningarinnar	Að hugað verði að ólíkum þörfum fólks varðandi fjárfestingar, hönnun hjólástíga og mannvirkja vegna hjólreiða. Að allir hafi tækifæri á því að nýta hjól sem samgöngutæki í daglegum erindagjörðum sínum.




C40 – samtök yfir 90 stórborga sem vinna saman gegn loftslagsbreytingum. Yfir 650 milljónir manns búa þar og stand borgirnar fyrir fjórðung alls fjármagns veraldar.

Markmiðið með samkeppninni er kalla fram lausnir í uppbyggingu á umhverfisvænum byggingum með bestu lausnum í sjálfbærni, umhverfisgæðum og minna kolefnisspors, ásamt því að styðja við góða borgarþróun.

Þátttökuborgirnar bjóða fram lóðir eða svæði og C40 setur saman teymi sem styðja við borgirnar í að kynna svæðin og velja verkefni sem endurlífgar og fjárfestir í grænni uppbyggingu. C40 aðstoðar borgirnar við það að velja besta verkefnið fyrir hverja lóð með bestu lausnir í orkunýtingu, aðlögunarhæfni, sorphirðu, lífbreytileika í huga

Að lokum fær vinningsteymið leyfi til að fjárfesta í lóðinni og framkvæma verkefnið.



Reinventing
Cities



LOFTSLAGSYFIRLÝSING FESTU OG REYKJAVÍKURBORGAR

MEIRA EN 100 FYRIRTÆKI SKULDBINDA SIG TIL AÐ:

1. Draga úr losun 2. Minnka úrgang 3. Mæla árangurinn

Festa og Reykjavíkurborg í samstarfi frá 2015 með fyrirtækjum um sameiginlega loftslagsyfirlýsingu sem afhend var á COP21 í París.

Samstarfið felst í kynningu til nýrra fyrirtækja og stofnanna, fræðslustarfi til þátttakenda, þróun á aðferðum til að auðvelda þátttakendum að meta gróðurhúsaáhrif sín

Samstarfið hefur nú þegar skilað sér í bættum aðferðum fyrir loftslagsmarkmið fyrirtækja og stofnanna.

Aðferðin nefnist Loftslagsmælir Festu og stendur hún öllum aðilum í rekstri til boða, bæði ríki og sveitafélögum. Fræðslan auðveldar fyrirtækjum að greina losun sína á gróðurhúsalofttegundum, setja sér markmið um að minnka losunina og birta reglulega árangur sinn.

Gert er ráð fyrir hið minnsta fjórum fræðsluviðburðum og málþingum á ári. Einn þeirra er árlegur loftslagsfundur Reykjavíkurborgar. Þar eru nýjungar í loftslagsmálum kynntar og nýjum aðilum er boðið að skrifa undir loftslagsyfirlýsinguna. Þáttökugjöld munu standa undir kostnaði vegna fræðslustarfs.

Reglulega verður kannað hvaða fyrirtæki hafa birt loftslagsmarkmið sín og hver árangurinn er

17 SAMVINNA UM
MARKMIÐIN



